

Áveitan

10. tbl. 7. árgangur. Október 2013

Tónahátíð félagsheimilanna í Flóahrepp

Byrjað verður í Félagslundum þann 12. október. Þar mun tenórinn Gissur Páll Gissurarson þenja raddböndin. Gissur Páll á langan feril að baki en aðeins ellefu ára þreytti hann frumraun sína í titilllutverkinu í leiksýningunni um Oliver Twist. Í desember 2010 kom út fyrsta sólóplata Gissurar Páls, Ideale, sem hefur verið mjög vel tekið. Árið 2006 tók Gissur Páll þátt í tveimur alþjóðlegum söngvarakeppnum á Ítalíu og vann til verðlauna í þeim báðum. Gissur Páll söng hlutverk Rodolfo í uppsetningu Íslensku óperunnar á La Boheme í vor og var í kjölfarið tilnefndur til Grímunnar sem söngvari ársins. Gissur Páll hlaut íslensku tónlistarverðlaunin árið 2012 sem klassíski söngvari ársins.

Næsti viðburður verður í Þjórsárveri 26. október en þá verður hið árlega söngkvöld í umsjón Inga Heiðmars Jónssonar. Flest höfum við gaman af því að hlusta á góðar sögur og í okkur öllum býr sagnamaður sem hefur kannski ekki verið virkjaður. Frásöguháfileikinn hefur svo sannalega fengð að blómstra hjá Ragnheiði Þóru Grímsdóttur, sagnaþulu frá Akranesi en hún mun láta einhverjar sögur flakka. Þá mun Bakkatríóið stíga á stökk og spila nokkur lög en það eru ungar stúlkur frá Hvolsvelli sem spila á ýmis hljóðfæri.

Þriðji og síðasti viðburðurinn að þessu sinni verður svo í Þingborg 2. nóvember. Þar munu KK (Kristján Kristjánsson) og Maggi Eiríks verða með tónleika. Þeir félagar hafa sungið og spilað saman í mörg ár með góðum árangri. Það verður enginn söngelsk sála svikin af ljúfri kvöldstund í félagsskap þessara ástsælu listamanna.

Nú verða allir að taka þessi kvöld frá til að missa ekki af þessum frábæru viðburðum.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason

Stefán Geirsson

Fanney Ólafsdóttir

ballroq@hotmail.com

stegeir@hotmail.com

fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra:

Leikskólinn Krakkaborg

Eins og lesendur Áveitunnar þekkja þá greindist myglusveppur í húsnæði leikskólans Krakkaborgar á dögunum.

Samdægurs funduðu leikskólastjórnendur, formaður fræðslunefndar, sveitarstjóri og oddviti um málið og ákvörðun var tekin um að loka leikskólanum í Þingborg um óákveðinn tíma og sérfróðir aðilar fengnir til ráðgjafar varðandi framhaldið.

Leikskólinn var síðan opnaður í Félagslundi eftir eins dags lokun þar sem bráðabirgðaaðstaða verður fyrir börnin á meðan skoðað er hvort aðrar lausnir í húsnæðismálum henti betur.

Kapp hefur verið lagt á að vinna hratt að framvindu máls og hafa allir lagst á eitt til að gera þetta mögulegt með svo stuttum fyrirvara sem er ómetanleg en stjórnendur, starfsmenn og foreldrar hafa sýnt þessum aðstæðum mikinn skilning. Einnig hafa Heilbrigðiseftirlit og Brunavarnir brugðist við með mjög skömmum fyrirvara og komið með nauðsynlegar ábendingar til að öryggi barnanna sé tryggt á nýjum stað.

Það sýnir sig við þessar aðstæður hvað samtakamátturinn í samfélaginu getur verið mikill þegar þörf krefur. Stjórnendur, starfsmenn og húsverðir brugðust til að mynda mjög vel við þessum óvæntu inngrípum í þeirra annars nokkuð reglubundna starfssemi og eiga sannarlega hrós skilið fyrir skjót viðbrögð og mikla vinnu.

Foreldrar fá einnig hrós fyrir skilning og yfirveguð viðbrögð.

Ráðgjafar frá Húsi og heilsu sem sérhæfa sig í lausnum vegna myglusveppa í húsum hafa fundað með stjórnendum og farið yfir þær aðgerðir sem ráðast þarf í til að hreinsa og þurrka húsnæðið í Þingborg.

Eftir að starfsemi leikskólans hófst í Félagslundum hefur komið í ljós að hljóðvistin þar er mjög slæm, mikill glymjandi og börn og starfsmenn orðin mjög þreytt í lok hvers dags.

Sveitarstjórn og fræðslunefnd hafa fundað með það í huga að finna aðra hentugri lausn fyrir leikskólann þar til endurbótum á húsnæðinu í Þingborg er lokið. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu þegar þetta er skrifað en horft hefur verið til Flóaskóla í þessu sambandi.

Hvatastyrkir

Sveitarstjórn hefur samþykkt breytingu á 2. gr. reglna um hvatagreiðslur til íþróttá- lista- og tómstundaiðkunar á þann veg að börn og ungmenni 6-18 ára sem lögheimili eiga í Flóahreppi geti sótt um hvatastyrk vegna einkatíma í tónlistarnámi sem ekki er þegar niðurgreitt af sveitarfélaginu. Reglurnar í heild eftir breytingu má sjá á heimasíðu Flóahrepps, <http://www.floahreppur.is/2013/09/hvatastyrkir-5/>

Umsóknareyðublöð um hvatastyrki má einnig nálgast á heimasíðunni og minnt er á að skilafrestur er til 1. desember n.k. á umsóknum um hvatastyrki vegna haustannar.

Fjárhagsáætlun

Vinna við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 er farin í gang fyrir Flóahrepp. Rætt hefur verið um að forsendur fyrir rekstur verði svipaðar og á síðasta ári.

Bólusetningar

Sauðfjárnætur eru minntir á að láta bólusetja fé sitt.

Einnig eru íbúar minntir á að láta ormahreinsa hunda sína og ketti.

Til eigenda óskráðra hunda í Flóahreppi

Minnt er á skráningu hunda samkvæmt samþykkt um hundahald í Flóahreppi. Skráningargjald er 1.500 kr. sem er innheimt í eitt skipti. Allar frekari upplýsingar fást á skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370.

Búfjárefirlit

Minnt er á gjald sem tekið er fyrir sérstaka haustskoðun og eru bændur hvattir til að skila inn skýrslum til að komist verði hjá innheimtu slíkra gjalda.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldin í Þingborg miðvikudaginn 9. október kl. 20:30.

Eftir fundarstörf verður Matthildur Pálsdóttir heilsunuddari með erindi um mikilvægi Omega þrjú og sex fitusýra á líkamsstarfsemina.

Kaffihópur: Guðbjörg Jónsdóttir, Hafdís Hafsteinsdóttir, Halla Reynisdóttir, Jónína Einarsdóttir og Svanhvít Hermannsdóttir.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar.
Stjórnin

Frá Umf. Vöku:

Aðalfundur Leikdeildar Umf. Vöku 2013

Aðalfundur Leikdeildar Umf. Vöku verður haldinn sunnudagskvöldið 27. október í Þjósárveri. Fundurinn hefst kl 20:30 og á fundinum verða venjuleg aðalfundarstörf auk þess sem framtíðin verður rædd. Við hvetjum alla áhugasama til þess að mæta.

Stjórnin

Hausthappdrætti Frjálsíþróttasambands Íslands

Frjálsíþróttasamband Íslands hefur farið af stað með hausthappdrætti til þess að efla enn frekar frjálsíþróttastarfið í landinu en eins og margir hafa tekið eftir þá hefur verið mikill uppgangur í frjálsum á landsvísu. Umf. Vaka ætlar að taka þátt í þessu verkefni með FRÍ með því að taka þátt í sölu happdrættismiðanna en Vaka fær þá hluta ágóðans á móti FRÍ en hver happdrættismiði kostar 1500 kr og 600 kr af hverjum miða renna til ungmennafélagsins. Ágóðann af sölustarfinu ætlum við að nýta í grasrótastarfið og fjárfesta í innanhúsfriðsþróttabúnaði fyrir yngstu kynslóðina.

Vinningarnir í happdrættinu eru 180 og ekki af verri endanum en fyrsti vinningur er Chevrolet Spark bíll að andvirði 2.090.000. Einnig eru vinningar frá t.d. Elko, Intersport, Krónunni, World Class, N1 og Hótel Eddu og svona mætti lengi telja. Með hverjum seldum miða fylgir einnig kaupaukamiði sem býður upp á afslátt hjá völdum fyrirtækjum þar sem sparnaður getur numið mun hærrí upphæð en sem nemur verði happdrættismiðans.

Þeir sem hafa áhuga á að kaupa miða geta haft samband við Hallfríði í síma 845-9719 eða á lyngh@emax.is. Einnig verður hægt að ná tali af henni eða öðrum stjórnarmönnum á förunum vegi og kaupa miða.

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Haustfundur

Haustfundur félagsins verður á loftinu í Félagslundi þriðjudagskvöldið 8. október og hefst kl. 20.30. Á fundinum ræðum við starf vetrarins, margt skemmtilegt verður um að vera í vetur og hvetjum við konur til að mæta og ávallt er pláss fyrir nýja félag.

Sumarbústaðarferð!

Það er komið að því í þriðja sinn að fara í sumarbústað. Nú förum við í bústað í landi Úthlíðar í Biskupstungum helgina **11-13. október** n.k. Allar félagskonur hjartanlega velkomnar. Félagið kostar leiguna, þið bara mætið! Gott er að vita um þátttöku, því einhver sameiginleg innkaup verða í mat. Sendið formanni póst á netfangið velli@emax.is, ekki síðar en 9. október. Heitur pottur er við húsið og öll nútíma þægindi. Val er um að gista eða ekki, koma og stoppa stutt eða lengi, allt eftir hverri og einni. Þetta verður afslöppun, glens og gaman.

Stjórnin.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Haustfundur kvenfélagsins verður haldinn í Þjórsárveri fimmtudaginn 10. október kl. 20.30.

Dagskrá fundarins verður svohljóðandi:

1. Fundur settur, innganga nýrra félaga
2. Lesin fundargerð síðasta fundar
3. Haustferð eldri borgara , frásögn
4. Basar 2014, kynning
5. Lagabreytingar, kynning og umræður
6. Önnur mál.

Endilega mætum nú vel og byrjum vetrarstarfið af krafti, fyrirhugað er að halda námskeið strax í október, það verður kynnt á fundinum. Nýjar konur eru boðnar hjartanlega velkomnar á fundinn.

Sólveig Þórðardóttir

formaður Kvenfélags Villingaholtshrepps

Kaffikonur og undirbúningar/frágangur fundarsalar

Sólveig Þórðardóttir, Sigrún Hrefna Arnardóttir, Valgerður Gestsdóttir, Aðalheiður Alfonsdóttir, Christiane Grossklaus, Elin Bjarnveig Sveinsdóttir

Helgihald í Laugardælakirkju, Hraungerðiskirkju og Villingaholtskirkju veturinn 2013-2014

- 6. október:** Barnamessa í Hraungerðiskirkju kl. 13:30.
13. október: Messa í Villingaholtskirkju kl. 13:30.
3. nóvember: Messa í Hraungerðiskirkju kl. 13:30.
1. desember: Aðventukvöld í Hraungerðiskirkju kl. 20:30. – Ræðu maður og helgileikur fermingarbarna í bland við jólasálma.
6. desember (föstudagur): Aðventukvöld í Villingaholtskirkju kl. 20:30. –Ræðumaður og helgileikur fermingarbarna í bland við jólasálma.
25. desember, jóladagur: Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11 og hátíðarmessa í Laugardælakirkju kl. 14.
26. desember, annar í jólum: Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11.
12. janúar: Barnamessa í Villingaholtskirkju kl. 13:30
3. febrúar: Messa í Hraungerðiskirkju kl. 13:30
9. mars: Messa í Villingaholtskirkju kl. 13:30
17. apríl, skírdagur: Messa í Laugardælum kl. 13:30
20. apríl, páskadagur: Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11
21. apríl, annar í páskum: Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11

Barnamessa á Fjör í Flóa í maí – nánar síðar um stað og tíma.

- 8. júní**, hvítasunna: Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11.
9. júní, annar í hvítasunnu: Fermingarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11.

Fermingarfræðslutímar verða í Flóaskóla þriðja föstudag í mánuði kl. 12:35-13:35.

Foreldrafundur

Foreldraráð Leikskólans Krakkaborg boðar til foreldrafundar mánudagskvöldið 7.okt kl.20 í Félagsheimilinu Þingborg. Foreldraráð lítur þannig á að það sé skylda sín að gefa foreldrum tækifæri til að koma saman og ræða húsnæðisvanda Krakkaborgar.

Í foreldraráði eru:

Ágúst Valgarð Ólafsson - Forsæti 3
Sigurbára Rúnarsdóttir - Langstöðum
Ingunn Jónsdóttir - Hallanda

Undirbúningur Safnahelgar hafinn

Undirbúningur að Safnahelgi á Suðurlandi er hafinn, en að henni standa Samtök safna á Suðurlandi. Í ár verður safnahelgin haldin í fimmta sinn, helgina 1.-3. nóvember nk. Líkt og áður er það Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands sem starfar að undirbúningnum ásamt nefnd sem í sitja tengiliðir af öllum svæðum á Suðurlandi, en um er að ræða starfssvæði menningarráðsins sem nær frá Ölfusi í vestri og allt til Hornafjarðar í austri. Um stærsta sameiginlega menningarviðburð svæðisins er að ræða og tóku á síðasta ári yfir sjötíu aðilar þátt með því að bjóða upp á margvíslega viðburði.

Vel hefur gefist að bjóða ferðapjónustu- og veitingaaðilum, lista- og handverksfólki að taka þátt í hátíðinni og verður svo einnig þetta árið. Tónlistarfólk og í raun allir skapandi einstaklingar eru hvattir til að vera með og er vonast til að um safnahelgi verði boðið upp á fjölbreytta viðburði um allt Suðurland. Síðasti viðburður Tónahátíðarinnar verður þessa helgi og verður því vonandi mikið líf á svæðinu. Það er því kjörið tækifæri fyrir fólk að hafa opið hús og koma sér á framfæri.

Tökum höndum saman og gerum Flóahrepp sýnilegri;-)

Þeir sem hafa áhuga á þátttöku eru hvattir til að hefja undirbúning og ákveða upp á hvað þeir ætla að bjóða. Upplýsingar sendist síðan til Iðunnar á netfangið idunnyrasgeirsdottir@gmail.com **Skráningarfrestur til 4. október.**

Allar nánari upplýsingar um safnahelgina verða að finna á vefsíðu menningarráðsins á veffanginu www.sunnanmenning.is og á facebook síðunni [Safnahelgi á Suðurlandi](#)

Bestu kveðjur,

Iðunn Ýr

verkefnastjóri ferðapjónustuklasa í Flóahreppi

Messa í Gaulverjabæjarkirkju

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 20. október kl. 14:00. Sóknarprestur er Sr. Sveinn Valgeirsson.

Tónsmíðja Suðurlands

Nú er í boði tónlistarnám í
samvinnu við Flóahrepp.

**GÍTAR
BASSI
SÖNGUR
PIANÓ
ÞVERFLAUTA**

Nánari upplýsingar og skráning á:

www.tonsmidjan.net

Samhygðar og Vökumót

Þau leiðu mistök áttu sér stað í síðustu Áveitu að birting á úrslitum úr tveimur greinum misfórst. Hér verður bætt úr því:

800m hlaup karla

1. Vilhjálmur Pálmason	Samygð	2:25,3 mín
2. Haraldur Einarsson	Vaka	2:37,9 mín
3. Guðbergur Kristjánsson	Vaka	2:51,7 mín
4. Sveinn Orri Einarsson	Vaka	2:51,8 mín
5. Dagur Fannar Einarsson	Vaka	3:07,8 mín
6. Sigurður Ástgeirsson	Vaka	3:20,0 mín
7. Stefán Geirsson	Samhygð	3:24,2 mín
8. Unnsteinn Reynisson	Vaka	3:50,5 mín
9. Markús Ívarsson	Samhygð	4:09,7 mín

Langstökk kvenna

1. Hulda Kristjánsdóttir	Vaka	4,32 m
2. Fanney Ólafsdóttir	Vaka	4,19 m
3. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	4,05 m
4. Halldóra Markúsdóttir	Samhygð	3,91 m
5. Guðrún Inga Helgadóttir	Vaka	3,53 m
6. Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	3,33 m



Fréttatilkynning

Ágæti lesandi fréttabréfsins, okkur langar að nota tækifærið hér á þessum vettvangi til að tilkynna breytingar sem verða á eftirliti slökkvitækja og reykskynjara í íbúðarhúsnæði í dreifbýlinu.

Breytingar þessar munu taka gildi frá og með n.k. áramótum.

Nánari upplýsingar koma í dreifibréfi sem sent verður inná öll heimili. Eins má sjá upplýsingar á heimasíðu BÁ, WWW.babubabu.is eða hafa samband við okkur í síma 4-800-900

Breytt fyrirkomulag:

Lögð verður áhersla á eigið eftirlit, þ.e.a.s. eigendur mannvirkja huga meir en verið hefur að eigin eftirliti.

- Dregið verður úr ferðum á hvern bæ
 - Eigendur slökkvitækja eru beðnir (hvattir) til að koma með slökkvitækin sín á þjónustustöð slökkvitækja, SÞS, í slökkvistöðina við Árveg 1 Selfossi
 - Í þjónustustöð fá húseigendur skiptitæki og rafhlöður
- Fylgst verður með eftirlitinu og haft persónulegt samband við þá sem þurfa aðstoð við verkefnið.

Við gerum okkur grein fyrir að þessi breyting á fyrirkomulagi getur reynst harkaleg þar sem fasteignaeigendur hafa fengið heimsókn ár hvert varðandi brunavarnaþáttinn.

Þessi breyting reynist okkur nauðsynleg þar sem allt rekstarumhverfi hefur tekið breytingum. Besta forvörnin er að við sjálf hugum að eigin eftirliti, á þeim nótum höfum við unnið saman og munum gera það áfram.

Með kveðju frá Brunavörnum Árnessýslu

Úrslit af Flóamóti

Flóamótið var haldið föstudaginn 6. september í ágætis veðri. Til leiks mættu 22 keppendur sem fengu svo grillaðar pulsar og viðurkenningarskjöl að móti loknu.

1.-4. Bekkur stráka

60m. Hlaup

1.	Sæþór Atlason	10,8sek
2.	Einar Skeggjason	11,1sek
3.	Sigurjón Reynisson	11,2sek
4.	Guðmundur Jón Þórðarson	11,3 sek
5.	Daði Kolviður Einarsson	11,4 sek
6.	Ketill Guðlaugur Ágústsson	11,8sek
7.	Viðar Hrafn Victorsson	11,9 sek
8.	Hjalti Geir Jónsson	12,3sek
9.	Benjamín Magnús Magnússon	12,9sek
10.	Oddur Olav Davíðsson	13,6sek
11.	Bjarki Freyr Guðmundsson	14,4sek

Langstökk

1.	Sigurjón Reynisson	3,05m
2.	Sæþór Atlason	2,97m
3.	Guðmundur Jón Þórðarson	2,88m
4.	Einar Skeggjason	2,85m
5.	Viðar Hrafn Victorsson	2,66m
6.	Hjalti Geir Jónsson	2,63m
7.	Daði Kolviður Einarsson	2,44m
8.	Auðunn Ingi Davíðsson	2,40m
9.	Oddur Olav Davíðsson	2,34m
10.	Ketill Guðlaugur Ágústsson	2,15m
11.	Benjamín Magnús Magnússon	1,84m
12.	Bjarki Freyr Guðmundsson	1,79m

400m hlaup

1.	Sæþór Atlason	1:37,3mí
2.	Einar Skeggjason	1:41,7mí
3.	Daði Kolviður Einarsson	1:43,5mí
4.	Viðar Hrafn Victorsson	1:44,6mí
5.	Ketill Guðlaugur Ágústsson	1:46,8mí
6.	Guðmundur Jón Þórðarson	1:53,8mí
7.	Sigurjón Reynisson	1:57,0mí
8.	Hjalti Geir Jónsson	2:22,0mí

9.	Oddur Olav Davíðsson	2:35,9mí
10.	Auðunn Ingi Davíðsson	2:38,1mí
11.	Bjarki Freyr Guðmundsson	2:45,6mí
12.	Benjamín Magnús Magnús	2:45,9 mí

5.-7. Bekkur stráka

60m. Hlaup

1.	Dagur Fannar Einarsson	9,6sek
2.	Unnsteinn Reynisson	10,2sek
3.	Jónatan Mikael Magnússon	10,3sek
4.	Kristján Ingi Þórðarson	11,7 sek
5.	Victor Örn Victorsson	11,8sek
6.	Ævar Örn Einarsson	18,0sek

Langstökk

1.	Dagur Fannar Einarsson	3,78m
2.	Kristján Ingi Þórðarson	3,12m
3.	Jónatan Mikael Magnússon	2,97m
4.	Unnsteinn Reynisson	2,87m
5.	Victor Örn Victorsson	2,61m

Kúluvarp 2 kg

1.	Dagur Fannar Einarsson	7,02m
2.	Jónatan Mikael Magnússon	6,35m
3.	Unnsteinn Reynisson	6,08m
4.	Kristján Ingi Þórðarson	5,86m
5.	Victor Örn Victorsson	4,80m
6.	Ævar Örn Einarsson	3,47m

800m hlaup

1.	Dagur Fannar Einarsson	3:15,1 m
2.	Unnsteinn Reynisson	3:55,3 m
3.	Kristján Ingi Þórðarson	4:01,7 m
4.	Victor Örn Victorsson	4:13,3 m

8.-10. Bekkur stráka

100m hlaup

1. Unnar Freyr Bjarnason 16,0 sek

Langstökk

1. Unnar Freyr Bjarnason 4,30m

Kúluvarp 4kg

1. Unnar Freyr Bjarnason 6,86m

800m hlaup

1. Unnar Freyr Bjarnason 4:45,4mí

5.-7. Bekkur Stúlkur

100m hlaup

1. Kolbrún Katla Jónsdóttir 18,2sek

Kúluvarp 2kg

1. Kolbrún Katla Jónsdóttir 6,15m

2. Arndís María Finnsdóttir 4,21m

800m hlaup

1. Kolbrún Katla Jónsdóttir 4:22,3mín

8.-10. Bekkur stúlkur

100m hlaup

1. Sunna Skeggjadóttir 15,4mín

Langstökk

1. Sunna Skeggjadóttir 3,85mín

Kúluvarp 3kg

1. Sunna Skeggjadóttir 8,59m

Geymsluhúsnæði óskast

Flóakorn ehf. óskar eftir vetrargeymsluhlássi fyrir kornþreskivél félagsins. Vélin er án skurðarborðs 7,15 m að lengd án, 3,30 m að breidd og 3,70 m að hæð. Áhugasamir hafi samband við Sigmar Örn Aðalsteinsson í síma 696-8653.

Flóakorn

Kóræfingar

Kóræfingar kórs Hraungerðis og Villingaholtskirkna hefjast þriðjudaginn 5. nóvember. kl. 20.30 , og verða væntanlega haldnar í Þingborg. Nýjar raddir velkomnar.

Glímuæfingar

Vegna tilfærslu leikskólastarfsemin Krakkaborgar í Félagslund hafa glímuæfingar verið fluttar í Þingborg. Glímuæfingar verða því þangað til annað verður auglýst á mánudögum frá 16:30 til 17:30 í Þingborg. Þjálfari er Stefán Geirsson og eru æfingar opnar öllum börnum á grunnskólaaldri.

Haustballi aflýst!

Haustballi Umf. Samhygðar sem fyrirhugað var að halda laugardagskvöldið 5. október í Félagslund hefur verið aflýst vegna tilfærslu leikskólans Krakkaborgar í Félagslund.

Umf. Samhygð og Nefndin

Dagskrá mánaðarins

Barnamessa í Hraungerðiskirkju	6. október
Foreldrafundur í Þingborg	7. október
Glímuæfing í Þingborg	7. október
Æfing eldri í Þingborg	8. október
Haustfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhr.	8. október
Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishr.	9. október
Haustfundur Kvenfélags Villingaholtshr.	10. október
Sumarbústaðarferð Kvenfélags Gaulv.b.hr.	11.-13. október
Messa í Villingaholtskirkju	13. október
Tónahátíð í Félagslund	12. október
Glímuæfing í	14. október
Æfing eldri í Þingborg	15. október
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	20. október
Glímuæfing í	21. október
Æfing eldri í Þingborg	22. október
Tónahátíð í Þjórsárveri	26. október
Aðalfundur Leikdeildar Umf. Vöku	27. október
Glímuæfing	28. október
Æfing eldri í Þingborg	29. október
Tónahátíð í Þingborg	2. nóvember



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160